

HÓPLÍFTRYGGING FÉLAGS LYKILMANNA

Skilmálar nr. 354

SJÓVÁ

Hóplíftrygging Félags lykilmana (FLM) greiðir rétthöfum bætur ef vátryggður fellur frá. Um vátryggininguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggðir eru félagsmenn í Félagi lykilmana, sem uppfylla það skilyrði að hafa verið að fullu vinnufærir síðastliðna 3 mánuði fyrir töku tryggingarinnar. Félagsmenn sem ganga í félagið eftir gildistöku tryggingarinnar teljast vátryggðir hafi þeir verið að fullu vinnufærir síðastliðna 3 mánuði fyrir inngöngu.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggining gildir hvar sem er í heiminum.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggining greiðir bætur til rétthafa ef vátryggður deyr á gildistíma vátrygginingarinnar.

3. gr. Undanþágur

Vátryggning þessi undanskilur andlát af völdum atvika eða sjúkdómsástands sem hinum vátryggða var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um og til voru komin áður en hann gekk inn í vátryggingsamninginn með félagsaðild að Félagi lykilmana. Hið sama á við um breytingu á heilsufari vátryggðs er kann að verða á tímabili þar sem þessi vátryggning er ekki í gildi. Svipti vátryggður sig lífi innan eins árs frá því að vátrygginingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

4. gr. Hvernig eru bætur ákværðaðar?

Bótafjárhæð samsvarar vátryggingsarfjárhæðinni eins og hún er á andlátsdegi með þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags.

Vátryggingsarfjárhæðir eru tilgreindar í dánarbótatöflu sem opinber er félagsmónum í Félagi lykilmana. Líftyrrggingarfjárhæð vegna hvers vátryggðs félagsmanns endurreiknast árlega miðað við áramót vegna næsta almanaksárs og miðast hún við aldur á komandi almanaksári og meðallaun samkvæmt innborguðu iðgjaldi á liðnu almanaksári samanber gildandi dánarbótatöflu. Þrátt fyrir það miðast líftyrrggingarfjárhæð við inngöngu sem og á því almanaksári sem félagsmaður hóf félagsaðild við inngreidd iðgjöld hlutfallslega reiknuð á því almanaksári sem félagsaðild hófst.

5. gr. Sérregla um upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart þáttakanda í hópi hefst kl. 00:00 daginn eftir að hann ritar undir skriflega inngöngubeiðni/upplýst samþykki um inngöngu í Félagi lykilmana og fer á félagaskrá þess.

Vátryggining fellur úr gildi gagnvart vátryggðum í lok þess vátryggingsarárs er vátryggður nær 66 ára aldri. Vátryggining tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára miðað við afmælisdag. Hámarksaldur við inngöngu í vátryggininguna er 64 ára aldur.

6. gr. Sérregla um endurnýjun og uppsögn

Vátryggining endurnýjast árlega hafi vátryggingsartaki eða félagið ekki sagt samningi um hóplíftrygginguna upp í samræmi við ákvæði hans. Falli samningur um hóplíftrygginguna úr gildi, skal vátryggingsartaki tilkynna þáttakendum í hópnum það skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti.

Vátryggining fellur niður gagnvart vátryggðum 14 dögum eftir að vátryggingsartaka berst úrsögn vátryggðs úr FLM. Að öðru leyti fer um lok ábyrgðar félagsins gagnvart þáttakendum í hópnum samkvæmt því sem fram kemur í samningi um vátryggininguna, sbr. XIX. kafla laga nr. 30/2004.

7. gr. Breytingar á skilmálum og iðgjaldi

Félagið hefur rétt til þess að breyta skilmálum og iðgjaldi vátryggingsarinnar á vátryggingsartímanum samkvæmt 133. gr. laga um vátryggingsamninga nr. 30/2004.

8. gr. Framhaldstrygging

Vátryggning þessi veitir vátryggðum rétt til framhaldstryggingar samkvæmt 132 gr. laga um vátryggingsamninga nr. 30/2004 enda berist vátryggjanda sannleg beiðni hans um það innan þriggja mánaða frá því að vátryggingsarvernd félill niður. Hafi framhaldstryggingar ekki verið óskað eða hún ekki veitt tekur vátryggning þessi þó til andláts vátryggðs í allt að 12 mánuði frá lokum vátryggingsarinnar, enda verði andlátið beinlínis rakið til sjúkdóms eða atvika sem upp komu á vátryggingsartímanum.

9. gr. Sérregla um iðgjald og greiðslu þess

Vátryggingsartaki skal greiða iðgjald vátryggingsarinnar til félagsins í samræmi við samning um vátryggininguna og gildandi iðgjaldaskrá á hverjum tíma.

Vátryggingsartaki innheimtir mánaðarlegt gjald af launum vátryggðra félagsmanna til þess að standa undir iðgjaldi tryggingarinnar. Verði vanskil á greiðslu vátryggðs í 60 daga skal vátryggingsartaki senda honum skriflega áskorun þar sem

greiðslu er krafist innan 14 daga. Berist greiðsla ekki innan þess frests fellur ábyrgð félagsins gagnvart þeim félagsmanni niður til samræmis við 96. og 131. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hafi vinnuveitandi vátryggðs félagsmanns sannanlega haldið iðgjaldi eftir af launum hans án þess að standa skil á þeim til vátryggingartaka heldur félagsmaður þó réttindum sínum á meðan innheimtuaðgerðir standa yfir. Hafi innheimtuaðgerðir vegna vanskila vinnuveitanda félagsmanns ekki borið árangur innan 60 daga frá því þær hófust skal vátryggingartaki sannanlega tilkynna félagsmanni um að aðild hans að vátryggingunni falli niður að 30 dögum liðnum standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum til vátryggingartaka innan þess tíma.

10. gr. Endurkaup og lán

Vátrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá féluginu. Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum sem hóplíftrygging þessi veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsökum en andláti vátryggðs er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar þessir gilda frá 01. maí. 2020 og koma í stað skilmála sem giltu frá 1. júní 2012.